



HRUNAMANNAHREPPUR

54. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 1. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 6. JANÚAR 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 6. janúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð. Einnig sat fundinn Björgvin Guðmundsson frá KPMG undir fyrsta dagskrárliðnum. Ragnar Magnússon, oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna um leið og hann óskaði fundarmönnum gleðilegs nýs árs. Því næst óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá fundarins:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps 2011 -2013. (fyrri umræða).
2. Fasteignaskrá Íslands: Svar við bréfum vegna fasteignamats í Hrunamannahreppi.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 4. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. desember s.l.
2. Fjárhagsáætlun Skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins 2010

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 151 fundar frá 12. október
- b. Tónlistarskóli Árnesinga: Kostnaðarskipting 2010

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Minnispunktar frá fundi v. landskiptamálum Laugarlandi.
 - b. Umhverfisráðuneytið: Staðfesting á breytingu aðalskipulags Hrunamannahrepps 2003-2015 fristundabyggð í Högnastaðamýri.
 - c. Umhverfisstofnun: Svar við bréfi um urðun dýrahæja.
 - d. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna refaveiða bréf frá 18. des.s.l.
 - e. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða bréf frá 18. des. s.l.
 - f. Markaðsstofa Suðurlands: Á döfinni bréf frá 16. des. s.l.
 - g. Sambandið: Fundargerð 770. fundar frá 11. desember s.l.
 - h. Samkeppnisefirlitið: Álit nr.3/2009 skipulag, iðnaðarlóðir og samkeppni.
 - i. Samkeppnisefirlitið: Álit nr.4/2009 Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir.
 - j. Náttúrustofa Vesturlands: Umhverfivottun á Íslandi. (skýrsla á skrifstofu).
 - k. Jafnréttisáætlun Bláskógarbyggðar (til skoðunar).
 - l. Askar capital – fjármögnun
 - m. Félags og tryggingamálaráðuneytið v. fjárhagsaðstoðar
 - n. Samgöngu og sveitarstjórnaráðuneytið: Jöfnunarsjóður.
- o. Fundir framundan:
 1. Fundur með fulltrúum Vegagerðar 7. janúar kl. 11.00 (RM, ÍGP, HK).
 2. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga – fundur á Borg í Grímsnesi 7. janúar 2010. (RM, ÍGP)
 3. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga – fundur hjá SASS 8. janúar 2010. (RM, ÍGP)
 4. Skólaakstur nemenda FSU v. fatlaðs nemanda – miðvikudag 20. janúar (ÍGP).

Því næst var gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps 2011 -2013. (fyrri umræða). Björgvin Guðmundsson frá KPMG lagði fram drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps. Í drögnum er ekki gert ráð fyrir fjárfestingum á tímabilinu. Drögnum vísað til annar umræðu á næsta fundi hreppsnefndar sem haldinn verður 3. febrúar n.k.
2. Fasteignaskrá Íslands: Svar við bréfum vegna fasteignamats í Hrunamannahreppi. Oddviti kynnti svar frá Fasteignaskrá ríkisins en hreppsnefnd hafði frá því í haust sent Fasteignaskránni bréf með fjölmörgum fyrirspurnum vegna fasteignamats í hreppnum. Bréfið lagt fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 4. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. desember s.l. Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar skipulags og byggingarnefndar. Þrjú skipulagsmál tengdust Hrunamannahreppi. Fyrst lögð fram tillaga að breytingu á lóð við Vinaminni á Flúðum. Þá tillaga að breytingu á deiliskipulagi í landi Högnastaða v. fristundabyggðar og þá erindi frá forsætisráðuneytinu vegna uppdráttar af þjóðlendum í Hrunamannahreppi. Að mati skipulagsnefndar er nauðsynlegt að finna leiðir til að skrá þau mannvirki sem eru innan þjóðlendna á sama tíma og þjóðlendurnar sjálfar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og felur skipulagsfulltrúa að kanna afmörkun þjóðlendunnar og mörk sveitarfélaganna.
2. **Fjárhagsáætlun Skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins 2010**
Oddviti kynnti fjárhagsáætlun embættisins. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlunina en gert er ráð fyrir að heildarkostnaður Hrunamannahrepps vegna embættisins nemi kr. 6.6. milljónum á árinu.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 151 fundar frá 12. október Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. Tónlistarskóli Árnesinga: Kostnaðarskipting 2010 Oddviti kynnti Kostnaðarskiptingu. Fjárhagsáætlunin hefur verið samþykkt á héraðsnefndarfundi.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Minnispunktar frá fundi v. landskiptamálum Laugarlandi (Suðurbrún). Lagt fram til kynningar.
- b. Umhverfisráðuneytið: Staðfesting á breytingu aðalskipulags Hrunamannahrepps 2003-2015 fristundabyggð í Högnastaðamyri. Lagt fram til kynningar
- c. Umhverfisstofnun: Svar við bréfi um urðun dýrahæja. Lagt fram til kynningar
- d. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna refaveiða bréf frá 18. des.s.l. Lagt fram til kynningar
- e. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða bréf frá 18. des. s.l. Lagt fram til kynningar
- f. Markaðsstofa Suðurlands: Á döfinni bréf frá 16. des. s.l. Lagt fram til kynningar
- g. Sambandið: Fundargerð 770. fundar frá 11. desember s.l. Lagt fram til kynningar
- h. Samkeppniseftirlitið: Álit nr.3/2009 skipulag, iðnaðarlóðir og samkeppni. Lagt fram til kynningar
- i. Samkeppniseftirlitið: Álit nr.4/2009 Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir. Lagt fram til kynningar
- j. Náttúrustofa Vesturlands: Umhverfismótun á Íslandi. (skýrsla á skrifstofu). Lagt fram til kynningar
- k. Jafnréttisáætlun Bláskógarbyggðar (til skoðunar). Lagt fram til kynningar
- l. Askar capital – fjármögnun Lagt fram til kynningar
- m. Félags og tryggingamálaráðuneytið v. fjárhagsaðstoðar Lagt fram til kynningar
- n. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Jöfnunarsjóður. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

1. Fundur með fulltrúum Vegagerðar 8. janúar kl. 10.00 (RM, ,ÍGP, HK).
2. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga – fundur hjá SASS 8. janúar 2010 kl. 11.00 (RM, ,ÍGP)
3. Skólaakstur nemenda FSU v. fatlaðs nemanda – miðvikudag 20. janúar (ÍGP)

Sveitarstjóri sagði frá Landgræðslu- og landnýtingaráætlun Hrunamannaafreftar 2009-2013. Sveitarstjóra falið að senda landbúnaðarnefnd bréf þar sem áréttað er nauðsyn þess að ganga frá þessu máli við þá sauðfjárbændur sem taka þátt í gæðastýringu.

Einnig sagði sveitarstjóri frá aðalfundi Hótels Flúða fyrir árið 2008 sem haldinn var föstudaginn 18. desember s.l. Sveitarstjóri var kosin í stjórn hótelsins f.h. Hrunamannahrepps sem á 11% hlutfjár í hótelinu.

Þá hefur Hrunamannahreppur sótt um framlag úr Fjallvegaskjóði fyrir árið 2010 en framlag ársins 2009 var kr. 1.000.000 og hefur verið greitt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.15